

**Endurgreiðsla vörugjalds og virðisaukaskatts af útfluttum bifreiðum**

Dæmi 1:	Aldur bifreiðar, fjöldi mánaða *					
	12	18	24	36	48	60
Innflutningsverð,cif þús.kr.	1.500	1.500	1.500	1.500	1.500	1.500
Vörugjald, 30%	450	450	450	450	450	450
Virðisaukaskattur, 24,5%	478	478	478	478	478	478
<b>Vörugjald og VSK, þús.kr.</b>	<b>928</b>	<b>928</b>	<b>928</b>	<b>928</b>	<b>928</b>	<b>928</b>
Endurgreiðsluhlutfall, %	76	67	58	40	22	4
<b>Endurgreiðsla, þús.kr.</b>	<b>705</b>	<b>622</b>	<b>538</b>	<b>371</b>	<b>204</b>	<b>37</b>
<b>Dæmi 2:</b>						
Innflutningsverð,cif þús.kr.	1.500	1.500	1.500	1.500	1.500	1.500
Vörugjald, 45%	675	675	675	675	675	675
Virðisaukaskattur, 24,5%	533	533	533	533	533	533
<b>Vörugjald og VSK, þús.kr.</b>	<b>1.208</b>	<b>1.208</b>	<b>1.208</b>	<b>1.208</b>	<b>1.208</b>	<b>1.208</b>
Endurgreiðsluhlutfall, %	76	67	58	40	22	4
<b>Endurgreiðsla, þús.kr.</b>	<b>918</b>	<b>809</b>	<b>701</b>	<b>483</b>	<b>266</b>	<b>48</b>
<b>Dæmi 3:</b>						
Innflutningsverð,cif þús.kr.	3.000	3.000	3.000	3.000	3.000	3.000
Vörugjald, 45%	1.350	1.350	1.350	1.350	1.350	1.350
Virðisaukaskattur, 24,5%	1.066	1.066	1.066	1.066	1.066	1.066
<b>Vörugjald og VSK, þús.kr.</b>	<b>2.416</b>	<b>2.416</b>	<b>2.416</b>	<b>2.416</b>	<b>2.416</b>	<b>2.416</b>
Endurgreiðsluhlutfall, %	76	67	58	40	22	4
<b>Endurgreiðsla, þús.kr.</b>	<b>1.836</b>	<b>1.619</b>	<b>1.401</b>	<b>966</b>	<b>531</b>	<b>97</b>
<b>Dæmi 4:</b>						
Innflutningsverð,cif þús.kr.	5.000	5.000	5.000	5.000	5.000	5.000
Vörugjald, 45%	2.250	2.250	2.250	2.250	2.250	2.250
Virðisaukaskattur, 24,5%	1.776	1.776	1.776	1.776	1.776	1.776
<b>Vörugjald og VSK, þús.kr.</b>	<b>4.026</b>	<b>4.026</b>	<b>4.026</b>	<b>4.026</b>	<b>4.026</b>	<b>4.026</b>
Endurgreiðsluhlutfall, %	76	67	58	40	22	4
<b>Endurgreiðsla, þús.kr.</b>	<b>3.060</b>	<b>2.698</b>	<b>2.335</b>	<b>1.611</b>	<b>886</b>	<b>161</b>

**Innflutningur fólksbifreiða 2002 - 2008**

	Fjöldi	Cif-verðmæti m.kr.	Meðalverð þús.kr.
2002	7.431	7.875	1.060
2003	11.002	12.272	1.115
2004	14.149	16.451	1.163
2005	22.456	27.186	1.211
2006	19.918	26.821	1.347
2007	18.876	29.308	1.553
Janúar-október 2007	15.905	23.602	1.484
Janúar-október 2008	10.241	19.006	1.856

**Fjöldi innfluttra bíla**

	2007	2008	Breyting milli ára
Janúar	1.011	2.182	1.171
Febrúar	1.143	1.075	-68
Mars	1.289	926	-363
Apríl	1.328	805	-523
Mai	2.355	1.420	-935
Júní	2.373	1.843	-530
Júlí	1.728	648	-1.080
Ágúst	1.852	503	-1.349
September	1.229	642	-587
Október	1.597	197	-1.400
Nóvember	1.815	-	
Desember	1.156	-	
<b>Samtals</b>	<b>18.876</b>	<b>10.241</b>	<b>-8.635</b>

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, efnahags- og skattanefnd  
Eiríkur Áki Eggertsson  
Austurstræti 8  
150 REYKJAVÍK


Reykjavík, 1. desember 2008 02-2008120013

**Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjöld af ökutækjum, eldsneyti o.fl., og lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum – mál nr. 175, þskj. 212.**

Lagt hefur verið fram á Alþingi frumvarp til laga um breyting á lögum um vörugjöld og lögum um virðisaukaskatt. Með frumvarpinu eru lagðar til tímabundnar breytingar á framangreindum lögum sem heimila endurgreiðslu virðisaukaskatts og vörugjalda af notuðum ökutækjum sem eru afskráð og flutt úr landi.

Að mati ríkisskattstjóra er um pólitíska ákvörðun að ræða sem embættið tekur ekki afstöðu til. Ríkisskattstjóri hefur farið yfir þær breytingar sem lagðar eru til með frumvarpinu og telur ekki ástæðu til að gera athugasemdir við efni þess.

Virðingarfyllt

  
Skúli Eggert Þóroarson

Alþingi  
Erindi nr. P 136/263  
komudagur 28.11.2008



Nefndasvið Alþingis  
Viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 27. nóv. 2008

**Efni: Umsögn um þingskjal 212 um frumvarp til breytinga á lögum nr. 29/1993 og lögum nr. 50/1988.**


Samtök verslunar og þjónustu fagna framlögðu frumvarpi í meginatriðum. Frumvarpið er lagt fram til að til að liðka fyrir útflutningi á þegar innfluttum ökutækjum og fagna samtökin þeim skýra vilja sem lesa má af frumvarpinu til að leysa aðkallandi vandamál.

Þó verður að gera verður athugasemdir við 2. og 4. mgr. 1. gr. og 2. og 4. mgr. 2. gr. en málsgreinarnar eru samhljóða í báðum greinum frumvarpsins.

Í 2. mgr. er tollstjóra veitt heimild til að innheimta skoðunargjald vegna ökutækjanna sem flytja skal úr landi og er gjaldinu ætlað að standa straum af launakostnaði tollstarfsmanna og aksturskostnaði vegna framkvæmdar skoðunnar. Af hverju er gengið út frá því tollstjóraembættið hafi ekki á að skipa starfsliði sem getur tekið þetta verkefni að sér sem hluta af sínu starfi? Er það endilega sjálfgefið að skoðun sem þessi af hálfu tollstjóraembættisins leiði til kostnaðarauka fyrir embættið? Tollstjóraembættið hefur á að skipa tollvörðum sem eru að störfum allan sólarhringinn og ekki auðséð að þetta verkefni þýði sérstakan kostnað fyrir embættið. Hér færi mun betur á því að sleppa gjaldtöku.

Í 4. mgr. 1. og 2. gr. er ráðherra gert að setja í reglugerð nánari reglur um framkvæmd ákvæðanna svo sem nánari skilyrði fyrir endurgreiðslu, um ástand ökutækja um gögn sem leggja þarf með umsókn um endurgreiðslu og um eftirlit og kæruehimildir. Er ástæða til að búa til svo mikinn vafa eins og gert er með þessari grein? Hér er verið að leggja fram frumvarp með mjög stuttan gildistíma til að leysa ákveðið vandamál sem blasir við núna. Ferlið varðandi inn- og útflutning ökutækja liggur alveg ljóst fyrir og því er óþarft að vera að flækja málið eða mögulega búa til vandamál með því að framselja vald til ráðherra til að setja frekari skilyrði eða gögn sem leggja þarf fram. Hér er um einfalt mál að ræða sem hægt er að lögfesta skýrt sem slíkt þannig að ekki þurfi að koma til vafaatriði eftir á. Það er að minnsta kosti ástæða til að benda löggjafarvaldinu á að hér gæti mögulega verið að búa til vandamál sem ekki er endilega ástæða til.

Yfirlingargætt

  
Sigrún Sigurðardóttir  
Forstöumaður flutningasviðs